

Landsyfirréttardómar 1918.

Mánudaginn 7. janúar 1918.

Nr. 41/1917.

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs
gegn
Birni Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum innan Árnessýslu, gegn landstjórninni fyrir bæjarþingi Rvíkur 5. okt. 1916 til þess að fá hana dæmda til þess að greiða sér 800 kr. leigu fyrir fardagaárið 1915/16 af nokkrum húsum og öðrum mannvirkjum, er hann taldi sig eiga á kirkjujörðinni Gaulverjabæ, sem er eign landssjóðs (kirkjujarðasjóðs). En eignir þessar hafði ábúandi sá, er skilaði jörðinni af sér í fardögum 1915, Jón bóndi Magnússon, notað við ábúð leigujarðar sinnar, en selt þær öðrum, síra Þorsteini Benediktssyni og nokkrum fleirum nafngreindum mönnum, án þess að bjóða þær landsdrotni til kaups, og þeir aftur selt þær stefnda, án þess að gefa landsdrotni kost á þeim. Málið var dæmt í

héraði 3. maí 1917 á þá leið, að landstjórnin var dæmd til þess að greiða stefnda 83 kr. 20 a. með 5% vöxtum frá 30. júní 1916, og komst héraðsdóm- arinn að þeirri niðurstöðu með því að telja húsin og mannvirkin eign stefnda og reikna honum 8% af upphæð þeirri, 1040 kr., er hlutaðeigandi úttektar- og yfirúttektarmenn höfðu virt húsin í júní og ágúst 1915 upp í álag fráfaranda af jörðinni þá um vorið. Málskostnaður í héraði var feldur niður. Stefndi var sektaður um 20 kr. fyrir ósæmilegan rithátt og fyr- verandi ráðherra Einar Arnórsson um 4 kr. fyrir að hafa hvorki sótt né látið sækja sáttafund.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfir- dóms, landstjórnin með stefnu dags. 24. maí 1917 og stefndi með gagnstefnu dags. 20. okt. s. á. Áfrýj- andi krefst auk málskostnaðar fyrir yfirdómi í aðal- sök og gagnsök, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina, en þar krafðist hann sýknu, sekta á hendur stefnda fyrir óparfa þrætu og ósæmi- legan rithátt og málskostnaðar. — Stefndi segir í sóknarskjali sínu dags. 12. nóv. f. á., að hann gjöri endurnýjaða kröfu um að rétturinn viki sæti í málinu, en þessi krafa er eigi fyr fram komin af hans hálfu undir rekstri málsins, og þar sem hún er alveg órök- studd verður henni enginn gaumur gefinn. Stefndi hefir, auk málskostnaðar fyrir yfirdómi, krafist þess, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina, en þar krafðist hann, auk ofanefndrar 800 kr. leigu, málskostnaðar af hendi landstjórnarinnar og sáttá- víta á hendur þáverandi gagnaðila sínum, fyrver- andi ráðherra Einari Arnórssyni. Undir rekstri máls-

ins hér fyrir réttinum hefir stefndi þó til vara kraf íst 565 kr. 20 aur. árlegrar greiðslu af hendi áfrý- anda með 5% vöxtum frá 30. júní 1916 og telur hann þá upphæð samsvara 8% af 7189 kr. 99 aur., er hús þau og önnur mannvirki, er hann eignar sér í Gaulverjabæ, höfðu verið virt á að hans tilhlutun 15. maí síðastliðinn. Það sést á virðingargjörð þessari, sem fram fór eftir uppsögn bæjarþingsdómsins, og enginn var viðstaddur af hendi landstjórnar og hún var, að því er séð verður, ekki aðvöruð um, að einungis lítill hluti virðingarupphæðarinnar eða 1097 kr. 50 aur. er fyrir önnur mannvirki en húsin, sem sé 700 kr. fyrir gaddavirsgirðingu, 247 kr. 50 aur. fyrir vatnsleiðslu og 150 kr. fyrir ofn og eldavél í íbúðarhúsinu. Hitt er matsverð á 3 heyhlöðum og nokkrum peningshúsum, er þeir síra Þorsteinn höfðu selt stefnda, en yfirúttektarmenn höfðu áður lagt út upp í álag á jarðarhúsin o. fl. og eru nefnd hús metin eins og þau stóðu á jörðinni eftir gangverði byggingarefna 1916, en ekki til niðurrifs.

Mál þetta er rekið af hendi beggja aðila með nálega sömu gögnum og annað mál, er stefndi höfðaði gegn landsstjórninni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 10. okt. 1916 til skila á hér umræddum húsum og til skaðabóta fyrir ólöglegt hald á þeim, enda hefir sókn og vörn beggja aðila einnig í þessu máli snúist aðallega um húsin. Lauk því máli í héraði með dómi 3. maí 1917 og síðan í yfirdómi 17. f. m. Urðu úrslit málsins í yfirdómi þau, að áfrýjandi var talinn eigandi húsanna og að eins gert að greiða stefnda með 5% vöxtum þá upp-

hæð, er húsin kynnu að verða metin hærra af hlutaðeigandi úttektarmönnum en álag það, er þau voru tekin upp í af yfirúttektarmönnum 1915. Með þeim dómi var bundinn endi á allar kröfur stefnda út af margnefndum húsum og því, sem þeim á að fylgja, en þar til verður að telja ofn og eldavél í íbúðarhúsinu, þar eð ekki sést á dómsgerðunum, að þau tæki hafi átt að skilja frá húsunum, enda er hvorugs getið í heimildarbréfi þeirra sira Þorsteins, útgefnu 10. jan. 1915 af Jóni Magnússyni. Er því í rauninni að þessu leyti um sömu sök að ræða þar og hér, og verður þá að vísa kröfu stefnda að því er húsin snertir ex officio frá yfirdómi.

Um kröfu stefnda til leigu eða hundradsgjalds af virðingarverði gaddavirsgirðingar og vatnsleiðslu er það að segja, að það sést ekki á dómsgerðunum, að tæki þessi hafi verið kyr á jörðinni í þágu eða af völdum áfrýjanda, enda voru þau hvorki virt af úttektarmönnum né tekin í álagið. Málsútlitun stefnda á réttarskjölum 8 og 9 ber miklu fremur vott um það, að áfrýjanda hafi ekki verið um það að kenna, heldur hafi stefndi látið tækin eiga sig af öðrum ástæðum. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda hér að lútandi, enda ekkert leggjandi upp úr verði því, sem lagt var á margnefnd tæki 15. maí 1917, þegar af þeirri ástæðu, að ekki sést að áfrýjandi hafi verið aðvaraður um virðinguna. Sekt sú, sem fyrverandi ráðherra Einari Arnórssyni er gerð í bæjarþingsdómnunum á að falla niður, með því að það sést á birtingarvottorði stefnuvottanna, að hann var staddur utanlands, þegar þeir birtu kærana í stjórnarráðinu. En

þar sem kæran var birt landritara og enginn sótti þó sáttafund af hendi landsstjórnarinnar, þykir eigi verða komist hjá að skylda landssjóð til að greiða stefnda málskostnað í héraði og ákveðst hann 25 kr. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Sekt þá, er stefnda var gerð í héraði fyrir ósæmilegan rithátt, að upphæð 20 kr., þykir rétt að hækka um 10 kr. eða um 5 kr. til hvors, landssjóðs og bæjarsjóðs, með því eigi þykir hlýða að láta óvitta, svo sem héraðsdómarinn hefir gert, eftirfarandi setningu í sóknarframhaldi stefnda í héraði: »Það er þó kunnugt og gert gabb að um land alt, að bæði undir- og yfirréttur hafi gert sér það að meginreglu og ætli sér aldrei að víkja frá henni, að sekta hann, ef nafn hans sést í réttarskjölunum«. Og enn þykir það aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki vitta eftirfarandi ósæmileg ummæli Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns: »Þess er vert að geta hér . . . að hefði Jón Magnússon haft efni á að reka réttar síns til hæstaréttar — að skjóta málum sínum til héraðs stjórna- og dómstóla vissi hann að væri árangurslaust — hefði hann með öllu verið sýknaður«. Þykir Páll með skírskotun til þess, hve oft hann hefir verið sektaður fyrir ósæmilegt orðbragð, eiga að greiða 40 kr. sekt, sínar 20 kr. hvorum, landssjóði og bæjarsjóði.

Því dæmist rétt vera:

Húsaleigukröfu stefnda vísast frá dómi. Áfrýj-

andi sé sýkn af leigukröfu stefnda fyrir framan-
talin mannvirki.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði
með 25 kr. Málskostnaður fyrir yfirrétti falli
niður.

Stefndi greiði 30 kr. sekt, 15 kr. í landssjóð
og 15 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur. Páll Jónsson
yfirréttarmálaflutningsmaður greiði 40 kr. sekt,
20 kr. í landssjóð og 20 kr. í bæjarsjóð Reykja-
víkur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans. Sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 57/1917.

Einar M. Jónasson
gegn

hlutafélaginu »Völundi«.

D ó m u r :

Veturinn 1907—1908 brann húseignin við Lauga-
veg 17 í Reykjavík, en 7. apríl 1908 fekk Jóhannes
Kr. Jóhannesson trésmiður ásamt öðrum manni af-
sal að eign þessari, lóðinni og brunabótafénu, kr.
4539,32, og 9. nóv. s. á. virðist Jóhannes einn hafa
orðið eigandi að þessum eignum. Á eigninni hvíldu,
áður en hún kom í eign Jóhannesar, meðal annars
samtals 3500 kr. skuldir til veðdeildar Landsbanka